

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 757/2002 um sérfæði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka reglugerðarinnar:

- a) Í stað orðsins „VIÐAUKI“ komi VIÐAUKI 1.
b) Í 2. flokk, Steinefni, bætist við nýtt efnisatriði á eftir orðinu KALSÍUM:

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
-súlfat	x	

- c) Við 3. flokk, Amínósýrur, bætist eftirfarandi:

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
-L-serín		x
-L-arginín-L-aspartat		x
-L-lýsín-L-aspartat		x
-L-lýsín-L-glútamat		x
-N-asetýl-L-systeín		x
-N-asetýl-L-meþíonín		x í vörur ætlaðar einstaklingum eldri en 1 árs

- d) Við 4. flokk, Karnítín og tárín, bætist eftirfarandi:

Efni	Notkunarskilyrði	
	Allt sérfæði	SSLT
-L-karnítín-L-tartrat	x	

2. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi viðauki:

VIÐAUKI 2

Efni sem nota má tímabundið í sérstökum næringarfræðilegum tilgangi í sérfæði.

1. flokkur.

Vítamín

E-VÍTAMÍN

-D-alfa-tókóferól pólýetýlenglýkól

1000 súksínat

2. flokkur.

Steinefni

BÓR

-bórsýra

-natríum bórat

KALSÍUM	-ferrópíðolat
-klóbundin aínósýra	-klóbundin aínósýra
-píðolat	
KRÓM	SELEN
-klóbundin aínósýra	- efnabætt ger
KOPAR	MAGNESÍUM
-klóbundin aínósýra	-klóbundin aínósýra
	-píðolat
JÁRN	SINK
-ferróhýdroxíð	-klóbundin aínósýra

3. gr.

5. gr. verður svohljóðandi:

Einungis er heimilt að nota næringarefni sem skráð eru í viðauka 1 við framleiðslu á sérþæði. Notkun efnanna skal vera í samræmi við sérákvæði sem um þessi efni gilda og tilgreind eru í 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt, fram til 31. desember 2006, að nota vítamín og steinefni sem koma fram í viðauka 2 að því tilskyldu að:

1. Viðkomandi efni sé notað í einni eða fleiri vörum sem eru á markaði á Evrópska efnahagssvæðinu við gildistöku reglugerðarinnar.
2. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hafi ekki gefið neikvætt álit að því er varðar notkun efnanna við framleiðslu á sérþæði.

Notkun næringarefna í sérþæði skal leiða til framleiðslu örugggra vara sem fullnægja sérstökum næringarþörfum þeirra sem sérþæðið er ætlað eins og viðurkennd vísindagögn segja til um.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipunum 2004/5/EB og 2004/6/EB sem vísað er til í tölul. 54zzi, XII. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, þann 24. september 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 17. nóvember 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.